



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/36

Alþingi
Erindi nr. P 127/76Y

komudagur 19. 2. 2002

Alþingi,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

18. febrúar 2002

Um þingsályktunartillögu um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 12. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Í tillögunni til ályktunar felst í hnotskurn, að ríkistjórnin í samstarfi við við sveitarfélög skuli koma á skipulagðri áfallahjálp innan sveitarfélaga til að bregðast við, þegar alvarleg slys ber að höndum. Vegna máls þessa óskast eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Í greinargerð með tillögunni eru skilmerkilega rakin sjónarmið, sem mæla með því að í sveitarfélögunum og á landsvísu verði eflað skipuleg og markviss stjórn áfallahjálpar. Er miðað við, að í þessu skyni skuli settar á laggir í sveitarfélögunum sérstakar stjórnunarnefndir og fyrir landið allt sérstök yfirstjórn áfallahjálpar. Miklu varðar að allt skipulag, sem miðar að því að takmarka slys á fólki og eignatjóni, sé einfalt og skilvirkt. Nú þegar er í gildi ítarleg löggjöf, sem mælir fyrir um viðbrögð við margvíslegri vá, þ.e. lög um almannavarnir nr. 94/1962 með síðari breytingum. Er þar mælt fyrir um starfrækslu almannavarnaráðs fyrir landið allt og um almannavarnanefndir í einstökum lögsagnarumdæmum. Almannavarnir eru undir stjórn dómsmálaráðherra og einnig heilbrigðismálaráðherra og landlæknis að því leyti sem málið snýr að hvers konar meðferð sjúkra og slasaðra. Lögum og eðli málsins samkvæmt fellur áfallahjálp nú þegar undir starfssvið þeirra stjórnvalda, sem tengjast almannavörnum hér á landi. Óvíst er, að það yrði til bóta að setja á fót fleiri stjórnir og ráð, er koma ættu að þessum málum. Má raunar færa að því rök, að slíkt gæti beinlínis orðið til að flækja framkvæmdina og tefja fyrir því að mál rötuðu strax í réttan farveg.
2. Í ljósi framangreinds er lagt til að orðalagi tillögunnar verði vikið nokkuð við. Verði því beint til ríkistjórnarinnar að hún hlutist til um að almannavarnaráð í samstarfi við almannavarnanefndir komi á fót viðbragðsáætlun, sem sérstaklega lúti að því að veita fólki áfallahjálp í kjölfar meiriháttar slysa og eignatjóna.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnarsson